

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 9. október 2018.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands og Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu. Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs sat fjarfund í Háskólanum á Akureyri. Björk setti fundinn kl. 9:05 Sigrún Vésteinsdóttir (SV) var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

1. Kynning á þróunarsjóði Garðabæjar.

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður skóladeildar Garðabæjar kom og kynnti þróunarsjóð sveitarfélagsins fyrir Sprotasjóði. Tilgangurinn með þessari kynningu er sá að Sprotasjóður fá innsýn inn í það hvernig aðrir sjóðir starfa. Árlega er úthlutað um 25.millj. kr. en þar af fara 8.millj.kr. til leikskóla. Sjóðurinn auglýsir eftir umsóknum og eru áherslusvið hans þau sömu tvö ár í senn og eru áherslusviðin ákvörðuð af skólanefnd. Lögð er áhersla á að sjóðurinn sé fyrst og fremst til staðar til að styðja við kjarnastarfssemi skóla.

Átta grunnskólar og þar af tveir einkareknir og leikskólar geta sótt um í sjóðinn. Reynslan er sú að stærstu skólarnir sækja mest um. Eitt af undirmarkmiðum sjóðsins er að samstarf sé á milli skóla. Fyrirkomulagið er þannig að skólastjórar þurfa að senda inn umsóknir og bera ábyrgð á þeim. Einstaka kennarar geta einnig sótt um styrk til þróunar á kennsluháttum. Styrkuppþæðir til verkefna eru á bilinu 500 þúsund til 5 millj.kr.

Skólar sem hljóta styrk þurfa að skila lokaskýrslum til skóladeildar en þær skýrslur eru aðgengilegar inn á vef Garðabæjar og eru afurðir verkefna eign Garðabæjar. Varðandi kynningar á verkefnum þá hafa skólar fengið tækifæri til að kynna verkefni sín á fundi skólanefndar og einnig hafa verkefnin verið kynnt á Menntadegi sem er árlegur starfsdagur leik- og grunnskóla í Garðabæ.

2. Auglýsing sjóðsins og upplýsingar á heimasíðu.

Farið var yfir auglýsingu sjóðsins um úthlutun fyrir skólaárið 2019-2020 og gengið frá henni. Gert er ráð fyrir að auglýsingin verði birt í dagblöðum 8.desember. Umsóknartímabilið verður opið frá 10. desember 2018 til 1. febrúar 2019.

Farið var yfir texta fyrir heimasíðu Sprotasjóðs varðandi nánari upplýsingar um áherslusviðin. Umsýsluaðili mun svo færa inn þessar upplýsingar á vefinn og uppfæra heimasíðu og umsóknarvef út frá þeim hugmyndum sem ræddar voru á fundinum.

3. Kynning á Þróunarsjóði Reykjavíkurborgar

Helgi Grímsson sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs borgarinnar kom á fundinn og kynnti Þróunarsjóð Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn hefur verið í mótun en byrjað var á því að skólarnir fengu ákveðið framlag frá sjóðnum og áttu svo að búa til áætlun út frá því og skila skýrslu. Verið er að huga að því hvernig sé best að haga úthlutun til skólana en pólitíkin gerir þær kröfur að sjóðurinn skili sem mestum sýnilegum árangri. Fjárveitingar til sjóðsins voru fyrst um 20 millj.kr. en voru svo auknar í 45.millj.kr og hefur

sjóðurinn núna 200 millj.kr. til ráðstöfunar. Skóla- og frístundasviðið hefur verið meðvitað um að stærri verkefni þurfi að geta sótt um styrk t.d til 3. ára svo að hægt sé að innleiða breytingar svo vel sé. Einnig mikilvægt að huga að samstarfi fleiri stofnana í stærri verkefnum. Áhersla er lögð á að verkefnin spretti upp frá grasrótinni en séu innan menntastefnunnar og mun sjóðurinn fylgja því eftir. Mikilvægt að mati Helga að stuðlað sé að samtali milli skóla, efla lærdómssamfélag.

Sjóðurinn hefur verið að skoða hvernig skulu haga úthlutun en t.d hefur verið rætt um að hluti af upphæðinni verði dreift á alla skóla eftir fjölda nemenda og að hluti af fjármagninu fari í samkeppnissjóð. Rætt hefur verið um það innan sjóðsins hvort hægt verði að úthluta nokkrum stærri styrkjum til nokkurra verkefna en það á eftir að útfæra það betur.

4. Samantekt og önnur mál

JTJ minnti á að mikilvægt væri að koma því að fyrir komandi umsóknartímabil að: *Heimilt sé að veita styrki til verkefna sem mótuð eru að frumkvæði nemenda og skipulögð í samvinnu nemenda og kennara.* Þessu verður komið á framfæri inn inn í umsóknarformi sjóðsins en jafnframt talaði AMG um að það mætti vekja sérstaka athygli á þessu í fréttatilkynningu t.d hjá KÍ.

Einnig vill JTJ í framhaldi af heimsóknum aðila frá þróunarsjóðum sveitafélaganna tveggja að umræðunni sé haldið á lofti varðandi það hversu miklu fé sé varið til þróunar- eða rannsóknarstarfs í skólum landsins (leik-, grunn- og framhaldsskólum). JTJ óskar eftir formlegu svari um þetta mál en samkvæmt upplýsingum frá BÖ þá er verið að taka saman skýrslu um þessi mál.

Í lok fundarins var rætt stuttlega um dagskrá stjórnar en gert er ráð fyrir að haldinn verði einn fundur í desember til að fara yfir stöðu mála og þá sérstaklega í tengslum við það að setja á fót einhvern umræðuvettvang fyrir umsækjendur til að undirbúa samstarf þeirra á milli. Umsýsluaðili hefur verið að skoða þetta mál og rætt m.a við Rannís og við Tryggva hjá Menntamiðju um hvaða möguleikar séu í boði sem gætu hentað sjóðnum. Áfram verður unnið í þessu máli og benti JTJ á að gott væri að hafa samráð við Grunn með þetta mál. Mjög gott ef sjóðurinn gæti verið leiðandi í því að ýta undir samstarf innan sveitarfélaga, bæði á höfuðborgarsvæðinu og ekki síður milli minni sveitarfélaga í dreifðari byggðum.

Ákveðið var í lok fundar að BÖ myndi senda stjórn doodle fundarboð til að ákveðja vinnufundi stjórnar í febrúar og mars.

Fundi slitið 12:10